



Afgreiðsla samvinnunefndar þann 12. nóvember 2012 um svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024 skv. lögum nr. 105/2006

Greinargerð skv. 9. gr. um afgreiðslu áætlunar, tl. b. og c.

1. Hvernig voru umhverfissjónarmið felld inn í áætlunina?

Mýrdalshreppur felldi umhverfissjónarmið inn í skipulagsáætlunina á fimm vegu:

- i) Við mótun leiðarljósa og markmiða skipulagsáætlunarinnar. Leiðarljósinn og markmiðin í skipulaginu taka til náttúrulegs umhverfis, landslags, strandlengjunnar, útivistar, náttúruverndar, vatnsverndar og nýtingar á landi. Þannig voru umhverfissjónarmið hluti af leiðarljósum og markmiðum.
- ii) Við mótun tillagna um landnotkun, skilmála fyrir landnotkun var horft til laga og reglugerða sem snúa að umhverfi, náttúruvernd og vatnsvernd.
- iii) Höfð hliðsjón af öðrum áætlunum s.s. náttúruverndaráætlunum og frumvarpi um vernd og orkunýtingu landsvæða. Auk þeirra var litið til alþjóðlegra samninga. Þessar áætlanir og samningar fela í sér umhverfissjónarmið.
- iv) Samhliða mótun skipulagstillögu að svæðisskipulagi Suðurnesja, var unnið umhverfismat í samræmi við lög nr. 105/2006, sem tryggði að litið var til umhverfissjónarmiða og skjalfestar niðurstöður og umræður um hugsanleg umhverfisáhrif, aðgerðir til að draga úr áhrifum og áætlana um eftirfylgni og vöktun í kjölfar samþykktar skipulagsáætlunarinnar.
- v) Leiðarljós skipulagsvinnu, drög að svæðisskipulagi og umhverfisskýrslu, og tillaga að svæðisskipulagi og umhverfisskýrslu hafa verið kynnt og aðgengileg almenningi og hagsmunaaðilum til að koma með ábendingar. Hluti þessara ábendinga snéru að umhverfi og tók samvinnunefndin afstöðu til þeirra.

2. Hvernig hliðsjón var höfð af umhverfisskýrslu og athugasemdum sem bárust við tillögu og umhverfisskýrslu?

Stefnumörkun í svæðisskipulagi Suðurnesja sem hefur áhrif á umhverfið og samfélag snýr að stærstum hluta um atvinnu, orkuvinnslu, flutningskerfi raforku, náttúruvernd og vatnsvernd. Við mótun á stefnunni hefur verið tekið mið af umhverfissjónarmiðum m.a. þeirra sem getið er í umhverfisskýrslu og athugasemda sem borist hafa í skipulagsferlinu.

Gerð hefur verið ítarleg grein fyrir viðbrögðum samvinnunefndar við framkomnum umsögnum og athugasemdum við drög að svæðisskipulag Suðurnesja annars vegar og við tillögu að svæðisskipulagi Suðurnesja hins vegar. Eru þau birt í greinargerðum dags. í febrúar 2012 og nóvember 2012, og eru þau fylgigögn með skipulagsáætluninni.

Á kynningartíma og í samráði á vinnslustigi tillögunnar komu fram ábendingar og athugasemdir sem samvinnunefndin hefur brugðist við. Hefur þetta verklag bætt skipulagsáætlunina, bæði sem stefnumótun um landnotkun og dregið úr neikvæðum umhverfisáhrifum hennar.

Atvinnusvæði

Í umhverfismati var lögð áhersla á umfjöllun um möguleg áhrif stefnu svæðisskipulagsins í atvinnumálum með áherslu á staðsetningu og uppbyggingu atvinnusvæða á Reykjanesi.

Til þess að tryggja að önnur sjónarmið verði tekin með við útfærslu stefnu um atvinnusvæði, var ákveðið að stefna að stofnun jarðvang á Suðurnesjum. Til að draga úr líklegum neikvæðum áhrifum atvinnusvæða á náttúrutengda ferðamennsku á Reykjanesi og ímynd svæðisins hefur svæðisskipulagið tekið upp skilmála um kröfur um umgengni á framkvæmdartíma og frágang mannvirkja.

Niðurstaða matsins hefur leitt til breytinga á skipulaginu t.d. breytt afmörkun atvinnusvæðis vegna vatnsverndar, mótað stefnu um stofnun jarðvangs, sem mun stuðla að því að tekið verði mið af fjölbreyttum sjónarmiðum við framkvæmd skipulagsins, og skilgreint aðgerðir og skilmála sem fylgja þarf við frekari skipulagningu atvinnusvæðanna.

Orkuvinnslusvæði

Svæðisskipulag Suðurnesja leggur áherslu á að stuðlað verði að ábyrgri og hagkvæmri nýtingu auðlinda á Suðurnesjum til hagsbóta fyrir íbúa svæðisins og komandi kynslóðir. Einnig að mannvirkjagerð, orkuöflun og byggðapróun taki mið af náttúruvernd, skynsamlegri nýtingu og þeim tækifærum sem felast í náttúrufræðilegri sérstöðu svæðisins á heimsvísu.

Svæðisþörf orkuíðnaðar er nokkur og þarf uppbygging á þessum svæðum þarf að taka tillit til þeirra jarðfræðilegra sérstöðu sem Suðurnesin hafa og þeim möguleikum sem í henni eru fólgin á sviðum náttúruverndar, fræðslu, ferðamennsku og orkuframleiðslu. Það verða neikvæða áhrif á umhverfið vegna uppbyggingar orkuvera og starfsemi orkuvinnslu. Felast þau fyrst og fremst í áhrifum á jarðmyndanir og landslag.

Í tengslum við orkuvinnslu er gert ráð fyrir að skilgreina umfang hennar og útfærslu mannvirkja þegar nánari upplýsingar liggja fyrir um nýtanleika jarðhitaauðlindarinnar og eftir samráð sveitarfélaga, hagsmunaaðila og opinberra stofnana. Einnig er gert ráð fyrir nánari útfærslu skilmála á orkuvinnslusvæðum í aðalskipulagsáætlunum, þ.m.t. frekari afmörkun orkuvinnslusvæða og reglna sem gilda.

Umhverfisstofnun, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands komu á framfæri sjónarmiðum um að ekki ætti að gera ráð fyrir orkunýtingu innan Reykjanesfólkvangs og taka þyrfti meira tillit til náttúruverndarhagsmuna við ákvörðun á orkuvinnslusvæðum.

Stefna svæðisskipulagsins er að meta tækifæri háhitasvæða til orkuöflunar. Nýting orkuvinnslusvæða skal vera sjálfbær og er miðað við skilgreiningu Orkustofnunar um sjálfbæra orkuvinnslu og orkunýtingu. Samvinnunefndin hefur ákveðið að unnið verði að stofnun jarðvangs á Suðurnesjum til að tryggja að sjónarmið mismunandi landnýtingar verði skoðuð og um flest svæðin gilda ýmsar kvaðir vegna staðsetningar innan verndarsvæða. Sá rammi sem svæðisskipulagið mótar er ætlað að tryggja að sjálfbær nýting verði á háhitasvæðum Suðurnesja.

Flutningskerfi raforku

Til að draga úr líklegum neikvæðum áhrifum flutningskerfa á náttúru, landslag og ásýnd hefur í skipulaginu verið lögð fram stefna um að sameina og samnýta flutningaleiðir mismunandi kerfa og fara stystu leið með kerfin, svo lengi sem sú leið skerði ekki mikilvægar náttúruvinnur. Uppbygging flutningsleiða raforku getur haft neikvæð áhrif á náttúru, landslag, ásýnd og gildi þessara svæða til ferðamennsku og útivistar. Á þetta sérstaklega við þar sem nýtt og lítt raskað land er brotið undir slíka landnotkun. Með því að nýta núverandi mannvirkjabelti undir flutningsleiðir raforku má draga verulega úr þessum áhrifum.

Samvinnunefndin bætti við skilmálum um samráð við ákvörðun um lagnabelti, þ.e.a.s. í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga skuli haft samráð við ýmsa aðila áður en ákvörðun er tekin um nákvæma og fastsetta legu.

Náttúruvernd

Innan skipulagssvæðisins eru mörg og víðfeðm svæði sem njóta verndar vegna náttúrufars þ.m.t. landslags, líffræðilegrar fjölbreytni og jarðmyndana. Með stofnun jarðvangs er áhersla lögð á að samþætta og samræma aðgerðir til ólíkra nýtingar svæðisins. Þróun og uppbygging svæðisins eiga að miða við og byggjast á jarðfræðilegri sérstöðu Suðurnesja. Áætlanir um stofnun jarðvangs á Suðurnesjum byggja á sérstöðu svæðisins m.t.t. fjölbreyttra jarðmyndana og tækifærum sem liggja í nýtingu auðlinda á svæðinu, s.s. orkuvinnsla og ferðaþjónusta og þeirri menningu sem hefur skapast á Suðurnesjum.

Stefnan um að vinna sameiginlega að því að samþætta nýtingu og uppbyggingu við verndarsjónarmið og nýta til þess að aðferða- og hugmyndafræði jarðvanga er leið til að draga úr og/eða koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif uppbyggingar.

Til að draga úr mögulegu raski vegna ágangs ferðamanna á viðkvæma náttúru er gert ráð fyrir kortlagningu ástands og þolmarka fjölsóttustu náttúrusvæða þannig er hægt að ákvarða með hvaða hætti og aðgerðum verndun þeirra sé best tryggð samhliða góðu aðgengi.

Áhersla skipulagsvinnu varðandi náttúrufar og auðlindir var lögð á að samræma ólíka hagsmuni. Bæði er tekið tillit til þarfa atvinnulífs en einnig til ímyndar og sérstöðu náttúrufars á lands- og heimsvísu og gildi þess fyrir komandi kynslóðir.

Stefna svæðisskipulagsins er ekki í samræmi við náttúruverndaráætlun 2009-2013, þ.e. að svæðisskipulagið gerir ekki ráð fyrir friðlýsingu svæða skv. áætluninni. Með stofnun jarðvangs á suðurnesjum eru samtvinnuð ólík sjónarmið þ.e. þeirra sem vilja nýta náttúruauðlindir á svæðinu til atvinnuuppbyggingar og þeirra sem vilja njóta náttúrunnar í formi útivistar og náttúruskoðunar. Þessi stefna er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á auðlindir og

náttúrufar og er fastur liður í því að skipuleggja landnotkun þar sem tillit er tekið til ólíkra þarfa mismunandi landnotkunar.

Samvinnunefndin er meðvituð um mikla verndarhagsmuni Suðurnesja og hefur m.t.t. þeirra mótað margvíslega skilmála um ákvarðanir um landnotkun. Þá ber þess að geta að svæðisskipulagið markar stefnu um verndun jarðmyndana, auk þess sem verulegar takmarkanir eru á landnotkun á stórum hluta Reykjaneskagans vegna vatnsverndar og náttúruverndar.

Vatnsvernd

Áhersla var lögð á grunnvatnsauðlindina í skipulagsvinnu og tryggja framtíðarhagsmuni sem snúa að neysluvatni. Í skipulaginu eru gerðar breytingar á afmörkun vatnsverndarsvæða á Suðurnesjum og tillögur að nýjum vatnstökusvæðum í framtíðinni. Skýrari afmörkun vatnsverndarsvæða er talin hafa jákvæð áhrif á framtíðarnýtingu auðlindarinnar.

Áhrif uppbyggingar á neysluvatn á Suðurnesjum eru óveruleg og munu vatnsból Suðurnesja geta annað þeirri uppbyggingu sem felst í stefnu Svæðisskipulags Suðurnesja. Hins vegar var bent á mengunarhættu í vatnsbólunni í Lágum og fyrst og fremst vegna umferðar um grannsvæðið. Var sameiginleg niðurstaða nefndarinnar að byrja á því að stækka grannsvæði Lága austur fyrir Grindavíkurveg og skilgreina aðgerðir sem þarf að ráðast í til að draga úr hættu á olíumengun, í samráði við Vegagerðina og Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja. Frekari stækkun, í samræmi við ábendingar Heilbrigðisnefndar Suðurnesja, bíða síðari tíma.

Landeigendur gerðu athugasemdir við stærð vatnsverndarsvæða og skilgreiningu þeirra. Samvinnunefndin ákvað í kjölfarið að skilgreina stóran hluta umrædds svæðis sem fjarsvæði í stað grannsvæðis. Meginforsenda þess er að ekki liggur fyrir afmörkun vatnsbóla eða brunnsvæða. Til þess að tryggja framtíðarhagsmuni hefur samvinnunefndin gert grein fyrir megin straumum grunnvatns á umræddu svæði, sem þarf að taka mið af við ákvörðun um landnotkun- og nýtingu.

3. Rökstuðningur fyrir endanlegri áætlun, í ljósi þeirra valkosta sem skoðaðir voru.

Við mótun skipulagstillögunnar var fyrst og fremst litið til valkosta sem snúa að legu fjölda og staðsetningu sameiginlegra atvinnusvæða, staðsetningar orkuvinnslusvæða, legu flutningskerfis raforku, umfang og eðli náttúruverndar og vatnsverndar.

Atvinnusvæði

Umfjöllun um valkosti var fólgin í því að ákveða hvort fara ætti í sameiginlega skipulagningu atvinnusvæða eða ekki. Einnig snérist umræðan í skipulagsvinnunni um fjölda og umfang atvinnusvæða og staðsetningu þeirra. Í upphafi var lagt upp með tíu atvinnusvæði. Við framvindun skipulagsvinnu fækkaði þessum atvinnusvæðum niður í fjögur (A, B, C og D) þar sem núverandi atvinnustarfsemi eins og hafnarstarfsemi, álver, alþjóðaflugvöllur og orkuöflun á Reykjanesi leggja grunninn að þeirri starfsemi sem fyrirhuguð er.

Við val á atvinnusvæðum var litið til sameiginlegra hagsmuna, sérstöðu svæða, vilja sveitarfélaga að leggja fram svæða og mögulegra umhverfisáhrifa. Umfjöllun um umhverfisáhrif snérist að stærstum hluta um eðli lands sem færi undir atvinnu, s.s. hvort um væri að ræða verndarsvæði eða svæði mikilvæg fyrir útivist. Einnig var litið til ásýndar svæðanna og aðgengis og fjarlægða að atvinnusvæðum frá þéttbýlisstöðum.

Orkuvinnsla

Við val á svæðum þar sem stefnt er að nýtingu jarðhita var fyrst og fremst farið eftir vinnu rammaáætlunar og tillögu að þingsályktun. Þær niðurstöður sem þar komu fram voru í samræmi við álit og mat samvinnunefndarinnar á jákvæðum og neikvæðum áhrifum staðarvalsins.

Flutningskerfi raforku

Nokkrir kostir voru skoðaðir fyrir flutningsleiðir raforku frá orkuvinnslusvæðinu við Trölladyngju/Sandfell/Sveifluháls. Einn var að fara stystu leið frá orkuvinnslusvæðinu um núverandi mannvirkjabelti við Krýsuvíkurveg/Kleifarvatnsveg að meginflutningskerfi Landsnets í Hafnarfirði. Sú leið gefur möguleika á að liggja utan náttúruverndar- og vatnsverndarsvæða. Annar kostur var að fara stystu leið að Suðurnesjalinum, yfir tiltölulega óraskað svæði í landi Voga. Þriðji kosturinn var að fylgja Suðurstrandarvegi og Grindavíkurvegi að Svartsengi. Sú leið mun liggja um viðkvæmt svæði með líklega neikvæðum áhrifum á gildi svæðisins með tilliti til náttúru- og jarðfræði og ferðamennsku.

Svæðisskipulagsnefndin leggur fram tillögu um að litið verði til þess að flytja raforku frá orkuvinnslusvæðinu stystu leið og fylgja Krýsuvíkurvegi/Kleifarvatnsvegi að meginflutningskerfi Landsnets í Hafnarfirði. Helstu rök þessarar

niðurstöðu eru að fylgt er núverandi mannvirkjabelti og því dregið úr umhverfisáhrifum og leiðin er styttri en leið meðfram Suðurstrandarvegi. Þá gefur sú leið jafnframt möguleika á að liggja að öllu leyti utan náttúruverndar- og vatnsverndarsvæða, en þá mun hún hins vegar ekki fylgja núverandi mannvirkjabelti alla leið að tengivirki. Samþykkt var að ítarlegri upplýsingar þurfa að liggja fyrir áður en ákvörðun um legu verður tekin, s.s. um stærð, staðsetningu og forgangsröðun virkjana.

Sú ákvörðun að stefna að ákveðnum lagnabeltum er talin hafa minni neikvæð umhverfisáhrif í för með sér en að ólík veitukerfi fari um óbrotið land. Með þessari ákvörðun er verið að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum sem felast í mannvirkjagerð, og í umhverfismatinu er það talið veigameiri þáttur en viðbótarkostnaður sem kann að hljóta af því að fara ekki stystu leið með flutningskerfin.

Náttúruverndarsvæði

Í skipulagsvinnunni fór fram umræða um umfang og afmörkun jarðhita-, náttúru- og vatnsverndarsvæða. Snérist umræðan m.a. um það hvernig jarðhitanýting og náttúrutengd ferðamennska geti farið saman á jarðhitasvæðum og hvernig hægt sé að mæta ólíkum þörfum þessara viðfangsefna. Í skipulagsvinnunni fór fram umræða um stefnu um náttúruvernd á svæðinu eins og hún birtist í þingsályktun um náttúruverndaráætlun.

Stefna svæðisskipulagsins felur í sér áherslu á frumkvæði heimamanna hvað varðar verndun og/eða friðlýsingu náttúru á Suðurnesjum, í samstarfi við ríkisvaldið. Friðlýsing felur í sér takmarkanir á landnotkun og hún þarf einnig að fela í sér skýra framtíðarsýn á aðgengi og viðhald viðkomandi svæða. Í náttúruverndaráætlun 2004-2008 var lagt til að unnið verði að friðlýsingu svæðisins Reykjanes – Eldvörp – Hafnarberg, vegna sjaldgæfra plöntutegunda, gróðurfars og jarðfræðiminja. Náttúruverndaráætlun 2009-2013 gerir ráð fyrir að áfram verði unnið að friðlýsingu þessa svæðis. Það er stefna svæðisskipulagsins að vinna ekki að óbreyttu að friðlýsingu svæða á Suðurnesjum eins og þau eru afmörkuð í þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2009-2013. Í stað þess er lögð fram stefna um jarðvang sem nær yfir Suðurnesin.

Vatnsverndarsvæði

Breytingar hafa verið gerðar á afmörkun vatnsverndarsvæða með hliðsjón af ráðleggingum sérfræðinga hjá ÍSOR og athugasemda Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Þannig hafa vatnsverndarsvæði verið felld út, þar sem ekki er talin ástæða til verndar og ný grannsvæði afmörkuð s.s. við Sýrfell. Með tilliti til nýtingu vatnsauðlindar í framtíðinni var lögð fram tillaga um að afmarka vatnsverndarsvæði í Vogum, sunnan Reykjanesbrautar, sem grannsvæði í stað fjarsvæðis. Ekki liggja fyrir áætlanir um nýtingu auðlindarinnar að svo komnu. Ekki náðist samstaða um að skilgreina svæðið sem grannsvæði. Ekki var talinn verða munur á líklegum áhrifum á vatnsauðlindina eftir því hvort um væri að ræða grannsvæði eða fjarsvæði, þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjum eða atvinnustarfsemi á þessu svæði.

Einnig voru skoðaðir mismunandi kostir varðandi afmörkun vatnsverndarsvæðis í Lágum. Þeir sem voru skoðaðir eru (a) óbreytt mörk, (b) stækkun austur fyrir Grindavíkurveg og (c) veruleg stækkun að Fagradalsfjalli. Það er mat nefndarinnar að óbreytt mörk komi ekki til greina vegna mögulegra áhrifa frá umferð um Grindavíkurveg. Áhersla var lögð á að ræða stækkun svæðis til austurs. Var niðurstaðan að kostur (b) félli að markmiðum svæðisskipulagsins og legði fram nauðsynlegar aðgerðir sem grípa þarf til við Grindavíkurveg. Þessi stækkun myndi duga til að taka á mengunarhættu frá Grindavíkurvegi og myndi stækkun grannsvæðis að Fagradalsfjalli ekki draga frekar úr þeirri mengunarhættu.

4. Vöktun og eftirfylgni

Eftirfylgni og vöktun umhverfisáhrifa vegna framkvæmdar svæðisskipulagsins er getið í kafla 5 í umhverfisskýrslu, fyrir megin málaflokka skipulagsins. Ítarlegri vöktun og eftirfylgni vegna umhverfisáhrifa framkvæmda verður ákveðin í mati á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmda og aðalskipulags- og deiliskipulagsvinnu vegna þeirra. Í greinargerð svæðisskipulags er jafnframt getið þeirra framkvæmda sem falla undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fylgigögn Svæðisskipulags Suðurnesja:

- Greinargerð Svæðisskipulags Suðurnesja, dags. nóvember 2012
- Umhverfisskýrsla dags. nóvember 2012
- Viðbrögð við athugasemdum, dags. nóvember 2012
- Viðbrögð við athugasemdum, dags. febrúar 2012